

# SEGAVARNIR Á MEÐGÖNGU OG EFTIR FÆÐINGU

Þessi moli sem fjallar um varnir gegn bláæðasega og lungnablóðreki á meðgöngu og eftir fæðingu hefur verið endurskoðaður.

Hann er sem fyrr byggður á leiðbeiningum Royal College of Obstetricians and Gynaecologists (RCOG) í Bretlandi, en þær voru endurskoðaðar vorið 2015. Leiðbeiningarnar eru birtar hér í þessu skjali sem tvö flæðirit, annað um meðgöngu, hitt um tímann eftir fæðingu.

Helstu breytingarnar eru þær að fyrri saga um bláæðasega vegur þyngra en áður og er nú ábending fyrir segavörn, eina undantekningin er ef kona hefur fengið bláæðasega einu sinni í tengslum við stóra skurðaðgerð. Hins vegar fækkar konum sem þurfa segavörn alla meðgöngunna vegna samsettra áhættuþátta þar sem þeir þurfa nú að vera fjórir í stað þriggja áður. Ef konan er með þrjá samsetta áhættumætti er mælt með segavörn frá 28 vikna meðgöngu. Sem dæmi má nefna að kona sem er 36 ára, með BMI >30 og gengur með tvíbura ætti að fá segavörn frá 28 vikna meðgöngu og í 6 vikur eftir fæðinguna.

Ávallt er mælt með segavörnum í a.m.k. sex vikur eftir fæðinguna ef ábending er fyrir henni á meðgöngu.


Æskilegt er að áhættumat fari fram í fyrsta viðtali á meðgöngu (símtali ljósmóður eða snemmvíðtali heimilislæknis) og gæta þess að taka eftir áhættuþáttum sem við kunna að bætast síðar á meðgöngunni. Skammtar LMWH fara eftir þyngd konunnar á hverjum tíma (og ekki einungis þyngd í upphafi meðgöngu) og getur því þurft að auka skammta, þegar líður á meðgönguna.

Fyrirbyggjandi blóðþynning (á meðgöngu) hefur greininguna Z92.1

# Fyrirbyggjandi blóðsegameðferð á meðgöngu

## Áhættumat og meðferð

(Metið í fyrstu skoðun og endurtekið mat við innlögn eða ný vandamál)



### Fyrirbyggjandi skammtar af heparíni (LMWH)

Þyngd < 50 kg: 20 mg enoxiparin/Klexan eða 2500 einingar dalteparin/Fragmín

Þyngd 50-90 kg: 40 mg enoxiparin/Klexan eða 5000 einingar dalteparin/Fragmín

Þyngd 91-130 kg: 60 mg enoxiparin/Klexan eða 7500 einingar dalteparin/Fragmín

Þyngd 131-170 kg: 80 mg enoxiparin/Klexan eða 10.000 einingar dalteparin/Fragmín


Þyngd > 170 kg: 0,6 mg/kg enoxiparin/Klexan eða 75 einingar/kg dalteparin/Fragmín

**Skýringar:** \*Miklir æðahnútar: Æðahnútar með einkennum, áberandi, ná upp fyrir hné eða með bláæðabólgu, bjúg eða húðbreytingum

# Fyrirbyggjandi blóðsegameðferð eftir fæðingu

## Áhættumat og meðferð

(Metið á fæðingardeild)



### Skýringar:

\*Antithrombin III, Protein S eða C eða arfhrein Factor V Leiden skortur EÐA þekkt segahneigð ásamt fjölskyldusögu um blóðsega

\*\*Miklir æðahnútar: með einkennum, áberandi, ná upp fyrir hné eða ef bláæðabólga/bjúgur/húðbreytingar